

ferðalög

Mundu mig, ég man þig

Pegar leið að lokum hins langa ferðalags **Elizu Reid** um Vestur-Afríku, sem sagt hefur verið frá hér í blaðinu fjóra síðustu sunnudaga, heimsótti hún munaðarleysingjahæli íslensku samtakanna Spes í Tógó og virti fyrir sér áhrifamikil minnismerki um mansal í Ghana.

Í Vestur-Afríku eru fimmtungslíkur til þess að kornabarn deyi áður en það nær fimm ára aldri. Malaría, niðurgangur, alnæmi og aðrir sjúkdómar sem er hægt að lækna eða halda í skefjum á Vesturlöndum eru banvænir á þessum slóðum. Á ferð minni komst ég ekki hjá því að sjá hvern þorpskrakkann á fætur öðrum með uppþembdan maga eða bleiulaus smábörn skrífandi í stórum pappakössum sem komu í stað leikgrinda.

Örbirgðin breytti því ekki að flest börn sem ég hittí voru vingjarnleg og glöð í bragði, köstuðu á mig kveðju þegar ég átti leið hjá og báðu mig um bonbons. Og hamingjan skein einna skærast í andliti krakkaanna sem ég hittí í Spes (www.spes.is).

Spes er latneska orðið fyrir von. Í þessu tilfelli er það einnig skammstöfum fyrir samtökin Soutien pour l'enfance en souffrance (stuðningur fyrir börn í neyð). Þau reka munaðarleysingjahæli í Lomé, höfuðborg Tógó, sem reis að frumkvæði Njarðar P. Njarðvík eftir að hann heimsótti vini í landinu fyrir tæpum áratug.

„Við byrjuðum alveg frá grunni með Nirði,“ sagði forstöðukonan Immaculée Amenganvi um leið og við vættum kverkarnar með bleikum bissap-safa. Eftir fyrstu ferðina til Tógó safnaði Njörður því fé sem þurfti fyrir hælið og fékk til liðs við sig valinkunna einstaklinga (Óssur Skarphéðinsson er núna formaður Spes á Íslandi og með honum í stjórn eru Bera Þórisdóttir, Eva María Gunnarsdóttir, Jón Sigurðsson og Lena Magnúsdóttir). Með aðstoð móðursamtakanna í Frakklandi tókst þeim að afla fjár til að sjá um dvöl fimm barna á munaðarleysingjahælinu.

Hælið sjálft er líkast kastala í ævintýri og stendur nærri þjóðarleikvangi landsins. Þegar ég var á ferð átti 61 barn heima þar, allt frá hvítvoðungum til tíu ára aldurs. Þau hafa annaðhvort misst annað foreldrið eða bæði og Spes sér hverju barni farborða til 16 ára aldurs; veitir bæði menntun og hollan mat.

Spes var eins og fimm stjörnu hótél miðað við aðbúnaðinn sem ég sá í Peuple du Monde í Benín þar sem allt var á byrjunarstigi. Hjá Spes er rafmagn og rennandi vatn og í starfslíðinu eru meðal annars 15 „tata“, nokkurs konar dagmómmur sem fylgjast með börnunum. Í gluggunum eru moskítónet og nýtt mötuneyti og svefnskáli eru í byggingu. Eflaust hefur það sitt að segja að Spes er í höfuðborginni og vegleg fjárframlög hafa greinilega verið nýtt skynsamlega (það kostar 77 evrur á mánuði að styrkja eitt barn).

Á einum veggnum var málverk af ávaxtakörfu og þar fyrir ofan látlaus skjöldur með þökkum til íslenskra



Hádegismatur! Börnin í munaðarleysingjahæli Spes í Lomé gæða sér á heitum málsverði í hádeginu. Stúlkan borðar með hægri hönd eins og er til siðs á þessum slóðum; þá vinstri má hins vegar ekki nota til þess arna samkvæmt venju og hefð.



Ævintýrin gerast enn Aðalbygging Spes í Lomé er líkust ævintýrakastala. Öll byggingin er máluð skærum litum, að innan sem utan.

stjórnvalda og annarra vildarvina fyrir stuðning við hælið. Í portinu hljóp einn fjörkálfurinn um í stutt-ermabol með merki Sparisjóðsins.

Au revoir français, hello English

„Og hvernig leist þér á Tógó?“ Tó-

góski landamæravörðurinn spurði mig spjörnum úr á varðstöðinni á Afílo við landamæri Tógó og Gana. „Bara mjög vel en ég hafði þó ekki tíma til að ferðast mikið,“ sagði ég um fimm daga dvöl mína í landinu, þar af var tveimur var eytt uppi í rúmi út af einhverri flensu sem ég

fékk. „Ah!“ hrópaði hann skrækt upp yfir sig eins og mönnum er svo tamt í þessum hluta Afríku þegar þeir láta í ljós uppgerðarhneykslan. „En það er allt í lagi,“ hélt hann áfram. „Næst þegar þú kemur geturðu haft uppi á mér og ég skal vera með þér allan tímann.“ Svo blikkaði

hann mig. Þetta var í síðasta skipti sem ég fór um landamæri á ferðalaginu og þegar ég tók mín fyrstu skref í Gana buðu kaupahéðnar kostakjör hver í kapp við annan: hagstæðustu gjaldeyriskaupin hér, besta verðið á ólöglegum geisladiskum þar, steikt kjöt á teini eða hass. Ég lét þetta allt sem vind um eyru þjóta.

„Gæti ég fengið smágreiðslu?“ spurði þreytulegur embættismaður Ganamegin þegar hann kvaðst vilja sjá vottorðið mitt um bólusetningu gegn gulu. Ég hristi höfuðið. „Tja, kannski þú viljir giftast mér í staðinn?“ spurði hann þá með vonarglætu í röddinni.

Ég var sem sagt komin til Gana, þar sem enska er töluð og innblásin heiti hárgreiðslustofanna bera trúarhita íbúanna glöggt merki. Í suðurhluta landsins þar sem kristni er ríkjandi tekur maður sérstaklega eftir biblíuvísunum í heitum hinna ýmsu fyrirtækja og stofnana. Fyrstu mínúturnar á fjögurra stunda ökuferðinni til höfuðborgarinnar Accra tók ég til dæmis eftir Dýralæknastofu gæfu og náðar (eins og í Davíðssálmum), Heilsulind hinnar heilögu þrenningar, Matvöruverslun dýrðarinnar, og Tískubúð hins sæla Jesú. „Drottinn verndar mig gegn öllum hættum,“ var málað á sendiferðabíl við hús sem verið var að reisa. Lausir trjabolir studdu við burðarvirkið sem var í smíðum og verkamenn gengu um án hjálms tugi metra frá jörðu.

Aldrei aftur

Sjávarseltan liggur í röku loftinu þegar maður röltir eftir hinum sendnu ströndum Cape Coast, um þriggja tíma ökuferð vestur frá

Accra. Fiskimenn leggja á hafið í löngum mjóum bátskeljum með flaggstöng í stafni þar sem litríkir fánar blakta – nema á þriðjudögum því þá eru allir í landi svo fiskurinn fái „hvíld“.

Staðhættir gætu vart verið betri frá sjónarhóli ferðalangans. Bærinn er rétt mátulega stór svo maður getur farið allra ferða sinna á tveimur jafnfljóttum. Parna er líf og fjör, stærðarinnar pálmatré veita skjól gegn geislum sólarinnar, öldur Atlantshafsins skella á brimsorfnunum klettum og tónlist heimamanna hljómar í hátölurum við notaleg kaffihús. Allt þetta, jafngott og það er, er þó ekki ástæða þess að Cape Coast er með vinsælustu ferðamannastöðum í Gana.


Virki og kastalar frá valdaskeiði Evrópumanna eru hvergi fleiri en á strandlengjum í Gana og Cape Coast er þar um það bil miðja vegu. Frá seinni hluta fimmtándu aldar til þeirrar átjándu risu yfir 80 strandvirki af ýmsum stærðum og gerðum og hinir og þessir réðu þar ríkjum hverju sinni; Bretar, Portúgalar, Hollendingar, Frakkar, Prússar, Svíar og Danir. 37 þessara mannvirkja voru rammgerðir og voldugir kastalar og 29 þeirra standa enn. Sá sem er einna heillegastur er í Cape Coast.

Kastalarnir og virkin risu á sínum tíma til að tryggja öryggi Evrópubúanna og hagsmuni þeirra á svæðinu. Ýmiss varningur, sem hafði verið aflað inn til landsins, var geymdur þar og síðan fluttur til Evrópu eða Nýja heimsins. Fyrst voru hirslur fullar af gulli og fíla-beini en seinna urðu viðskipti með mannfólk fyrirferðarmest og í dag laðar sú saga að ferðamenn frá öllum heimsins hornum.

Ábyggilegar tölur liggja ekki fyrir en líklegt er að árin 1650–1850 hafi um sjö milljónir manna verið hneppt í þrældóm þar sem nú heitir Gana og flutt nauðug til Nýja heimsins. Kastalinn í Cape Coast og virkið í Elmina um tíu kílómetra í burtu eru nú á heimsminjaskrá Sameinuðu þjóðanna. Á báðum stöðum eru söfn um þrælaflutningana.

Ég tók þátt í frekar tregablandinni skoðunarferð um Cape Coast kastalann. Leiðsögumaðurinn Gmangul Nkrumah fór með okkur átta niður í dýflissuna; dimman og rakan klefa á stærð við hálfan tennisvöll með þremur litlum gluggum á einum veggnum. Parna voru 250–300 manns hlekkjaðir saman uns næsta skip kom. Þeir sváfu í klefanum, mótuðust þar og gerðu þarfir sínar og ef þeir lifðu þessa þrekraun haf beið þeirra enn hörmulegri vist á leið yfir hafið. Þyldu þeir hana tæki við ævilangur þrældómur.

Gmangul leiddi okkur líka að klefa



Líf og fjör Útsýni yfir bæinn Cape Coast frá kastalanum. Ströndin iðar af lífi að degi til. Bátar fiskimannanna eru klárir og sumir eru þegar farnir að draga bein úr sjó úti fyrir.

» Fyrst voru hirslur fullar af gulli og fíla-beini en seinna urðu viðskipti með mannfólk fyrirferðarmest og í dag laðar sú saga að ferðamenn frá öllum heimsins hornum.

hinna dauðadæmdu. Þangað fóru þeir sem höfðu náðst á flóttu eða brotið af sér á einhvern hátt að mati


yfirboðaranna. Aftur voru menn hlekkjaðir saman, 50 talsins, og læstur inni í þessari litlu og niðdimmu og loftlausu kytru, án matar og drykkjar. Síðan biðu þeir dauða síns og þegar sá síðasti hafði gefið upp öndina var líkum allra fleygt í hafið.

Kvenfólkinu var haldið föngnu í sérstakri dýflissu. Einatt nauðuguð hinir evrópsku drottningar konunum, einir eða fleiri saman. Skólar voru stofnaðir fyrir börn ambáttanna og herranna og marka þeir upphaf menntakerfis í Gana. Enn þann dag í

Til leigu virðulegt 350 fm hús með bílskúr við Tjörnina í Reykjavík.

Leigist eingöngu undir atvinnustarfsemi, svo sem fjármálastarfsemi, skrifstofur eða sambærilega starfsemi.

Nánari upplýsingar veita
Fasteignafélagið Kirkjuhvoll ehf.//
www.kirkjuhvoll.com//aron@kirkjuhvoll.com//
kari@kirkjuhvoll.com



GÓÐUR GESTUR

Í samstarfi við Fonterutoli er okkur sönn ánægja að kynna Fabrizio Marino, yfirmatreiðslumann á hinu virta veitingahúsi Pepenero í San Miniato, rétt utan við Pisa. Frá miðvikudegi til sunnudags mun Fabrizio bjóða okkur upp á úrval þeirra klassísku, ítölsku rétta sem hann er frægur fyrir og leyfa okkur þannig að finna hjartslátt ítalskrar matargerðarlistar.

FORRÉTTIR

„Pappa al Pomodoro“
klassísk tómatásúpa borin fram með skötusel

Parmaskinka með parmesanfrauði, lambasalati og kirsuberjatómötum

Kjúklingaterrine með pistasíum, grilluðu brauði og salati

Grafið nautacarpaccio með ferskum ætipistlum og eplum

PASTA

Risotto með ferskum aspas og parmesan

Heimalagað pappardelle með anda- og grænmetisragou

ÁÐALRÉTTIR

Hægeldaður saltfiskur með rauðlauk, tómötum og rauðvíni

Lambakótelettur með balsamik og ferskum jarðarberjum

Grísalund með kanelkryddaðri kartöflustöppu og hunangssósu

EFTIRRÉTTIR

Súkkulaðikaka með rúsinu-, furuhnetu- og Vin Santo sósu

Ostakaramellubúðingur með ávaxtasalati og mascarpone



La Primavera
Borðapantanir í síma: 561 8555

„Aldrei verið hressari!“



Heilsuvara ársins
í Svipjóð
2003, 2004 og 2005

KRAFTVERK

Fæst í apótekum og heilsubúðum.



Original Arctic Root

Ein vinsælasta lækningajurt heims

Original Arctic Root öðru nafni Burnirót er ein vinsælasta lækningajurtin í heiminum í dag. Klínískar rannsóknir hafa leitt í ljós að hún eflir einbeitingu, úthald og vinnur gegn streitu og álagi.

Vinnur gegn streitu og álagi

Original Arctic Root er fljótverkandi og þeir sem nota hana finna jákvæða breytingu á einbeitingu og úthaldi á skömmum tíma. Original Arctic Root hefur svo sannarlega slegið í gegn á Íslandi þar sem hún nýtur nú þegar mikilla vinsælda.

Vestur-Afríka

Tógó:

Mannfjöldi: 5,5 milljónir.
Höfuðborg: Lomé.
Opinber tunga: franska. Ewe og mina eru töluð í suðri og kabye og dagomba norðan til.
Trúarbrögð: Víðú og skyldir síðir (51%), kristni (29%), múhamedstrú (20%).
Lífslíkur við fæðingu: 57 og hálf ár.

Seint á nítjándu öld varð landið mjóa (það er aðeins 56 kílómetra breitt til strandarinnar) þýskt verndarsvæði og kallaðist Tógóland. Eftir ósigur Þjóðverja í fyrri heimsstyrjöld skiptu Bretar og Frakkar landinu milli sín; breski hlutinn tilheyrði þá Gullströndinni (sem síðar nefndist Gana) en sá fransk varð að nýlendunni Tógó sem hlaut sjálfstæði árið 1960. Sjó árum síðar, eftir mikið umrót á æstu stöðum, náði Gnassingbe Eyadema völdum í landinu og var forseti til dauðadags árið 2005. Þá upphófst mikið þref. Að lokum settist sonur hans á forsetastól en brögð voru greinilega í tafla. Halda á þingkosningar í landinu síðar á þessu ári.

Síðastliðið sumar var Tógó í sviðsljósinu fyrir aðrar og betri sakir en þá keppti karlalandslið landsins í úrslitum heimsmeistaramótsins í knattspyrnu í Pýskalandi.

Gana

Mannfjöldi: 22,4 milljónir.



Höfuðborg: Accra.
Opinber tunga: enska en ýmis önnur mál, akan, moshi-dagomba, ewe og ga eru einnig töluð.
Trúarbrögð: kristni (63%), múhamedstrú (16%), ýmsir heimasiðir (21%)

Lífslíkur við fæðingu: 59 ár.
Gana sem hét áður Gullströndin hlaut sjálfstæði frá Bretum árið 1957, fyrst allra nýlendna í Afríku sunnan Sahara. Fyrir utan gullið sem áður gaf landinu nafn er kóko helsta náttúruauðind Gana og eru Ganamenn aðrir stærstu útflytjendur þessarar afurðar í heiminum. Til-
tölulegar góðar landsnyttjar og þokkalegt menntakerfi (fleiri stúar eru læsir en gengur og gerist í þessum hluta álfunnar og í landinu eru fjórir háskólar) ráða því að þjóðarframleiðsla er um tvöfalt meiri en annars staðar í Vestur-Afríku. Gana á það líka sammerkt með Senegal að lýðræði hefur að mestu verið sæmlega traust. Landið er líka eitt það vinsælasta meðal ferðamanna, enda eru samgöngur góðar og gistirými sömuleiðis.

dag bera sumir Ganamenn nöfn þeirra Evrópumanna sem voru viðriðni þrælasöluna á sínum tíma; Johnson, Van Dijk og þar fram eftir götunum.

Í hverju virki var „heljarhlið“ sem fangarnir gengu um, fjótraðir saman, út á skipsfjöl og síðan í vítisvistina vestan hafs. Hliðið er í raun dimmur gangur sem nær manni í mitti eða þar um bil; þrælarnir voru látnir skríða svona síðustu metrana svo þeir reyndu ekki að flýja í órvæntingu sinni.

Mansal var bannað innan breska heimsveldisins árið 1833 og í nýlendum Portúgala árið 1869. Í Ameríku var þrælshald lengst leyft með lögum í Brasilíu, til ársins 1888.

Í kastalanum í Cape Coast er minnisvarði um þá sem létu lífið í ánaud. Þar segir:

Megi þeir sem létust hvíla í friði.

Megi þeir sem snúa til baka finna uppruna sinn.

Megi manngyn aldrei framar fremja svo mikinn glæp gegn sjálfu sér.

Við sem lifum lofum að efna þetta heit.

Minning um Afríku

Sex dögum fyrir ferðalok hafði ég vaknað frekar úrill í Accra. Ég var með smákveisu og höfuðverk út af stífluðum ennisholum. Ég missti af rútunni til Cape Coast því hót-elstjórinn hafði sagt mér það sem hann hélt að ég vildi heyrna um brottfarartímamann frekar en það sem var satt í raun (hann vissi að ég vildi helst ekki vakna fyrir allar aldir og tjáði mér því að rútan færi klukkan tíu en ekki sjö eins og áætluðin kvað á um). Þegar ég var loks komin á umferðarmiðstöðina til að ná seinni ferð hafði henni auðvitað seinkað um ótíltækinn tíma. Margt smátt gerir eitt stórt og ég var orðin verulega pirruð á ástandinu.

Ég spurði miðaldra konu sem sat næst mér hvort ég biði ekki örugglega á réttum stað eftir rútunni til Cape Coast. Hún fullvissaði mig um það og kynnti mig svo fyrir vinkonu sinni sem átti pantað far með sömu rútú. Sú kona sagðist myndu verða mér innanhandar og sjá til þess að ég fengi leigubíl á sanngjörnu verði þegar ég kæmi á áfangastað. Þegar þangað var loks komið tók konan ekki annað í mál en fylgja mér að hótelinu mínu og borga leigubílinn sjálf í ofanálag.

Ég þakkaði sessunautnum, sem ég hafði gefið mig á tal við, fyrir öll liðlegheitin. „Já, sjáðu til,“ sagði hún, „mín börn hafa ferðast erlendis og ætíð notið mikillar gestrisni þannig að þegar ég hitti ferðalanga hér reyni ég að gjalda líku líkt.“ Og viti menn, á svipstundu hafði hún



Ljósmynd/Eliza Reid

„Hugrekki“ Að mínu mati drýgði ég mestu dáðina alla Afríkuferðina þegar ég gekk yfir hengibrýrnar sjö á „Himinhvolfagöngunni“ í Kakum-þjóðgarðinum, í þrjátíu metra hæð frá jörðu. Útsýnið yfir krónur regnskógarins ku vera stórfenglegt en ég sá minnst af því; var allt of lofthrádd til þess að vera að góna eitthvað út í loftið! Hádegismatur!

eytt öllum mínum efasemdum um ferðalagið.

Þeir dagar komu að ég var við það að ganga af göflunum. Þær stundir komu að ég lét vanþróað kerfi fara í taugarnar á mér, rafnagnsleysið og þá þraut að fá ekki skýr svör um einfalda hluti hjá fólki, eða ég fylltist samviskubiti yfir að sjá alla fátæktina og vannærðu börnin en gera ekki neitt.

Dagar komu þegar ég var kófsveitt, önuð eða lasin og átti þá ósk heitasta að hverfa inn í annan heim, kúra í mjúku rúmi í loftkældu herbergi og njóta góðrar bókar. Ég hef aldrei áður ferðast við jafnerfiðar aðstæður.

En í hvert skipti sem ég spurði sjálfa mig hvers vegna í fjandanum ég væri að þessu hiti ég einhvern eins og konuna á umferðarmiðstöðinni í Accra – eða Arona og hans fólk í Senegal, eða hina ógleymanlegu Mme Samb sem fylgdi mér til Gambíu, götusalana í Bamako sem buðu mér eitt hádegisbúð að deila hrísgrjónum og tei með þeim, hótelhaldarara í Malí sem náðu í lækni þegar ég var lasin og ferðafélagana í rútum eða leigubílum sem skiptust á kosti sínum og ferðasögum með mér, svo ekki sé minnst á alla biðlana og þeirra rómantísku en vonlausu bönorð sem ég vísaði kurteislega á bug.

Fyrst lærði ég að meta hve íbúarnir eru gjafmildir og glaðlyndir og síðan sá ég allt hitt sem einkennir þennan hluta heimsins: taktfastan og seiðandi trumbusláttinn, sterk fjölskyldubönd, keiminn af steiktu

geitakjöti á grilli úti á götuhorni, hressandi hafgoluna, blóðrautt sólarlag í eyðimörkinni, bonjours og þétt handtak hvenær sem færi gafst, og hláturinn allan liðlangan daginn.

Þessi lífsreynsla var endurnærandi og því lengri tími sem líður frá ferðinni, því sterkari verða þessar ljúfu minningar um leið og þær sárari dofna og hverfa. Ég reyni enn frekar en áður að brosa og heilsa fólki hvar sem ég fer og sýna ókunnugum þá vinsemd sem mér var hvarvetna sýnd í Vestur-Afríku.

Sú ferðasaga sem ég hef sett saman er aðeins mín eigin minning um Afríku. Legðir þú í sömu ferð á sama tíma að ári yrði þín saga öll önnur. Ég hélt ekki til allra ferðamanna-
staðanna sem maður „verður að sjá“. Ég smakkaði ekki á eins mörgum réttum og ég hefði átt að gera og hlustaði ekki á eins mikið af tónlist heimamanna og ég hefði annars kosið. En ég myndi alls engu breyta.

Og dag einn sný ég aftur á þessar slóðir – til þess að eignast nýjar minningar.

eliza@elizareid.com

Hér lýkur frásögn Elizu Reid af sjö vikna ferð hennar um Vestur-Afríku. Fjóra fyrri hluta ferðasögunnar má lesa á mbl.is: <http://mbl.is/go/8hpsw> <http://mbl.is/go/y3ma6> <http://mbl.is/go/yasap2> <http://mbl.is/go/uz723>

Orð að gefnu tilefni

SJÓNSPEGILL



Eftir Bragi Ásgeirsson

Mér þykir þakkarvert þegar fleira kemur frá listrýnum en fræðin ein og aftök sjálfur á sínum tíma að taka við þessu starfi nema að ég fengi jafnframt að skrifa upplýsandi greinar um myndlist. Það reyndist auðsött mál, einnig seinna að blaðið styddi við bak mér að meira eða minna leyti þegar ég hóf að skrifa um stórsýningar og aðra markverða viðburði ytra. Ég var líka ráðinn að blaðinu til að segja skoðanir mínar en ekki að skrifa skýrslur um verk á sýningum eins og nú tíðkast víða og hingað hefur ratað. Einnig vill það stundum gleymast að listrýni verður sjálfkrafa hluti af sagnfræði tímanna, eða kannski vita viðkomandi það of vel.

Það knýr mig ýmislegt til að leggja orð í belg sem persónugervingur hins ónefnda gagnrýnanda sem rýnirinn J. B. Rannsó vitnar til í upphafi pistils síns hér í blaðinu 13. mars, og alveg ljóst að átt er við mig þótt einhverja hluta vegna skirrist hann við að nefna mig með nafni. Málið er að ég á einhvern tíma að hafa sagt við hann, að þegar ég byrjaði að skrifa um listir fyrir um 40 árum hefðu állka margar myndlistarsýningar verið opnaðar á einu ári og nú tíðkast aðist um góða helgi.

Auðvitað kannast ég við þetta, en annað tveggja hef ég ekki tjáð mig nógu skýrt sem ég tek þá til mín, eða að hér sé að hluta um misminni að ræða og einhverjir gætu jafnvel álitnið

að ég hafi átt beinan þátt í nefndri þróun. En því er einmitt þveröfugt farið þar sem til mín var leitað vegna stórfelldrar fjölgunar listsýninga á fyrria helmingi sjöunda áratugarins og þáverandi gagnrýnanda blaðsins, Valtý Pétursson (ekki ónefndur!), skorti sárlega mann við hlið sér.

Fram má koma, að fyrri hluti sjötta áratugarins var afar rölegur og á ársgrundvelli mátti telja stærri sýningarviðburði á fingrum sér en þeim tók eitthvað að fjölgna á seinni helmingnum. Sumir töldu þá margföldun listsýninga sem yfir dundi framför, aðrir dómgreindarleysi, en naumast hækkaði gæðastaðallinn nema að síður væri. Og til voru þeir listamenn sem voru alveg á móti Myndlista- og handíðaskólanum og töldu hann aðalskaðvaldinn, brautskrá keppinauta sem stælu athyglinni frá þeim sjálfum og fleiri grónum listamönnum. Skólinn var þó lengstum rekinn til að styðja við bak-ið á myndlist og listiðum, stórlega vanræktum menntageirum, vera um leið eins konar þekkingarveita á sjónmenntir, síður slá menn til riddara sem listamenn og vera þar óskeikult yfirvald: „autoritet“.

Sömuleiðis eyða ranghugmyndum um eðli listnáms sem til þess tíma og frá upphafi vega hafði verið miðlun fróðleiks um allt sem skarar skyn- og sjónsviðið, jafnframt hugmyndafræðina að baki. Nemendur sem brautskráðust úr myndlistadeildum skólans mátti lengi vel telja á fingrum sér, jafnvel annarrar handar, seinna margfaldaðist talan og útskriftarnemendum fjölgaði jafnt og þétt allt þar til skólinn var lagður niður eftir að einangraðri hugmyndafræði hafði verið vísað til há-sætis á kostnað alls annars.

Pistilshöfundur er einn þeirra sem tekur list og listsköpun alvarlega og telur annars vegar þá stöðlun og hins



Heillandi safn Hér er hægt að skoða lífríki þriðja stærsta kóralrífs heims við eyjuna Andros í karabíska hafinu á Náttúrusögusafninu í New York.

AP